

# Ársfundur Arnardrangs hses. 2024

haldinn í fjarfundarbúnaðinum Teams, þann 29. ágúst 2024  
klukkan 13:00

**Mætt:** Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Bragi Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Einar Kristján Jónsson, Ellý Tómasdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Árni Eiríksson, Árný Hrund Svavarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Jón Bjarnason, Jóhanna M. Hjartardóttir, Jóhanna Margrét Einarsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Kristín Hreinsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Pétur Georg Markan, Sveinn Ægir Birgisson, Sylvía Karen Heimisdóttir.

**Aðrir gestir;** Einar Georgsson og Elmar Erlendsson frá Brák íbúðafélagi hses, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans bs.

## Setning

Íris Ellertsdóttir starfsmaður stjórnar Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti ársfund Arnardrangs hses.

## Kjör fundarstjóra og fundarritara

Íris Ellertsdóttir lagði til að Bragi Bjarnason verði fundarstjóri og að Ása Valdís Árnadóttir verði ritari.

Tillaga samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar.

Ása Valdís Árnadóttir kynnti starfsemi stjórnar Arnardrangs vegna ársins 2023. Skýrsla stjórnar verður send út með aðalfundargerðinni.

### 2. Kynning á ársreikningi.

Anton Kári Halldórsson kynnti ársreikning Arnardrangs fyrir árið 2023 og fór stuttlega yfir drög að uppgjöri að Nauthaga 2.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur er lögð fram til samþykktar. Skýrsla og ársreikningur samþykkt samhljóða.

### 4. Kynning á Brák íbúðafélagi hses.

Framkvæmdastjóri Brákar, Einar Georgsson, kynnti Brák íbúðafélag hses og var Elmar Erlendsson fyrrum framkvæmdastjóri honum innan handar. Góðar umræður urðu um íbúðafélagið.

### 5. Tillaga um yfirtöku Brákar á verkefnum Arnardrangs.

Lagt er til að ársfundur samþykki að öll verkefni Arnardrangs hses., þ.e. Nauthagi 2 og önnur uppbyggingarverkefni sem síðar kunna að verða á starfssvæði Bergrisans, verði

færð yfir til Brákar íbúðafélags hses að því gefnu að yfirtakan verði aðildarsveitarfélögum að skaðlausu (að undanskildu upphaflegu stofnframlagi sem var 1 mkr) og með fyrirvara um samþykki Brákar. Er stjórn og starfsfólki falið að klára yfirfærsluna að þessum skilyrðum uppfylltum. Samþykkt samhljóða að fresta málinu.

Samþykkt samhljóða að stjórn verði falið að taka saman töluleg gögn miðað við óbreytta sviðsmynd og breytta sviðsmynd og í haldi í kjölfarið kynningarfund um gögnin.

#### 6. Tillaga um slit Arnardrangs hses.

Lagt er til að ársfundur samþykki að gangi yfirfærsla verkefna yfir til Brákar íbúðafélags hses eftir þá skuli slíta félaginu Arnardrangur hses þegar því er lokið. Er stjórn og starfsfólki þá falið að ganga frá því þegar þar að kemur.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu.

#### 7. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Lagt er til að ársfundur samþykki að nafni félagsins sé breytt í Arnardrangur íbúðafélag hses.

Samþykkt samhljóða breyta nafni félagsins í Arnardrangur íbúðafélag hses.

#### 8. Breyting á stjórn og kosning varamanna.

Lögð fram tillaga um að aðalmenn í stjórn verði:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþing Eystra

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Og að varamenn í stjórn verði:

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing Ytra

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Tillaga um aðalmenn og varamenn í stjórn samþykkt samhljóða.

#### 9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.